

**Þunnsneiðagerð fyrir OS 1959-1986**

**Jens Tómasson**

**Greinargerð JT-87-04**

## ÞUNNSNEIÐAGERÐ FYRIR OS 1959-1986

Ég hef tekið saman skrá yfir þunnsneiðagerð fyrir JHD frá upphafi og er það jafnframt upphaf þunnsneiðagerðar á OS og niðurstaðan er í töflu 1 og á mynd 1. Í þessari töflu er tvennskonar skipting. Í fyrsta lagi er þunnsneiðunum skipt á ár og í öðru lagi er sneiðunum skipt eftir þeirri starfsemi sem sneiðarnar voru notaðar við og er skammstöfun þeirra deilda á OS þar sem þessi starfsemi er nú.

Byrjað var að gera sneiðar fyrir JHD 1959 og lét Jón Jónsson gera þær, en hann var þá eini jarðfræðingurinn sem lét gera þunnsneiðar á JHD. Undirritaður byrjaði að starfa á JHD árið 1964 og fór þá fljótlega að fá þunnsneiðar frá borholusvarfi og hefur sú starfsemi verið í gangi síðan. Sneiðarnar voru í fyrstu keyptar hjá Rannsóknarstofnun Byggingariðnaðarins eða forvera hennar. Árið 1972 var byrjað að gera þunnsneiðar á jarðhitadeild, en aðeins 60 sneiðar voru gerðar á því ári. Árið 1973 er því fyrsta heila árið sem þunnsneiðagerð er í gangi á JHD. Lítum betur á töflu 1 og mynd 1. Fyrstu 5 árin var JJ eini jarðfræðingurinn sem lét gera þunnsneiðar á OS. Það voru aðallega sneiðar vegna kortlagningar en einnig var eitthvað af sneiðum frá borholum (ég hef ekki skilið það í sundur). JJ gerði að meðaltali 73 sneiðar á ári þessi 5 ár og virðist hafa gert svipaðan fjölda sneiða á ári allan sinn starfsferil.

Á árunum 1964-1972 fjölgaði sneiðum, enda fór jarðfræðingum fjölgandi á OS á þessum árum og 1969 byrjaði VOD einnig að láta gera þunnsneiðar. Á þessum árum voru gerðar að meðaltali 251 sneið fyrir OS á ári. Helmingur sneiðanna var vegna borholurannsóknna á JHD. Eftir 1970 gekk mjög illa að fá gerðar þær sneiðar sem óskað var eftir til borholurannsóknna. Varð það til þess að JHD byrjaði að gera sínar eigin sneiðar. Á árunum 1973-1986 voru gerðar yfir 11000 sneiðar á þunnsneiðaverkstæði JHD, auk þess sem ýmsir á OS létu gera sneiðar annarsstaðar og þær sneiðar sem skráðar voru í þunnsneiðabók JHD eru í töflu 1 og á mynd 1, en það er nokkuð víst að gert hefur verið talsvert af sneiðum sem hvergi eru skráðar, t.d. veit ég að á árunum 1974-1985 voru gerðar 361 sneið fyrir VOD og JFK sem ekki eru í áður nefndri bók. Þetta þýðir að hlutfall annara deilda en BHJ á OS í þunnsneiðagerð er herra en fram kemur í töflu 1 og á mynd 1, en að meðaltali er þáttur BHJ í sneiðunum 66% samkvæmt töflu 1. Það er því ljóst að það eru ýmsir aðrir aðilar á OS en BHJ sem nota þunnsneiðagerð og ef okkur tekst að koma upp góðu þunnsneiðalabbi mun þessi notkun aukast.

Tafla 1 Fjöldi þunnsneiða sem gerðar hafa verið fyrir OS

Ár	BHJ	JFK	VOD	HSP	Samtals
1986	343	55	42	116	556
1985	572	57	73	132	834
1984	590	126	78	28	822
1983	580	159	48	0	787
1982	450	35	32	26	543
1981	567	96	48	0	711
1980	545	24	256	0	825
1979	443	193	94	64	794
1978	502	68	104	403	1077
1977	767	73	304	0	1144
1976	732	149	35	0	916
1975	488	147	36	125	796
1974	432	226	71		729
1973	308	67	264		639
1972	170	50	102		322
1971	107	32	52		191
1970	380	223	45		648
1969	167	24	20		211
1968	34	98			132
1967	40	181			221
1966	40	213			253
1965	125	62			187
1964	62	35			97
1959-1963		365			365

Jens Tómasson